

**Fundargerð 3. fundar  
Ferða-, safna- og menningarráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
19. september 2018 , kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Rakel Ósk Eckard formaður, Vitor Hugo Rodrigues Eugenio aðalmaður,  
Guðmundur Magnússon aðalmaður, Svavar Grétarsson aðalmaður, Álfhildur  
Sigurjónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir varamaður, Guðjón Þ.  
Kristjánsson fundarritari, .

**Fundargerð ritaði: Guðjón Þ Kristjánsson, .**

**1. Byggðasafn - 1809075**

Fundurinn hófs í Byggðasafninu að Garðskaga þar sem Jóhann Ísberg Rekstrarsjóri tók  
á móti ferða- safna- og menningarráði.

Jóhann sýndi ráðsfólki safnið og þær sýningar sem uppi eru á staðnum. Hann skýrði  
frá rekstrinum á Garðskaga.

*Afgreiðsla:*

*Til kynningar.*

**2. Kjörnar nefndir: erindisbréf - 1808028**

Farið var yfir erindisbréf ferða- safna- og menningarráðs.

*Afgreiðsla:*

*Erindisbréflagt fram til kynningar.*

*Ferða- safna- og menningarráð bendir á að í 2. málsgrein 3. greinar er ofaukið orðinu  
"safnaðarheimila" þar sem safnaðarnefndir í Útskála- og Hvalsnessóknum eiga og sjá  
um safnaðarheimili.*

**3. Menningarmál: bókaþjóf til nemenda grunnskóla - 1809088**

Erindi Hrafns A. Harðarsonar þar sem hann skýrir frá hugmynd sinni að nemendum í  
ákveðnum árgangi skólanna í sameinuðu sveitarfélagi verði gefnar bækur með  
þjóðsögum og sögnum úr Garði og Sandgerði, sem systir hans, Hildur Harðardóttir tók  
saman fyrir nokkrum árum. Hildur Harðardóttir vill gefa þessar bækur og telur Hrafn  
að þær muni vekja áhuga hjá einhverjum barnanna og/eða foreldrum og systkinum  
þeirra á sögu og menningu Suðurnesja og örfa lestrarfýsni og getu.

Bókin heitir Sagnir úr Garði og Sandgerði, útg 2008, prentuð í Stapaprenti, 120 bls.  
með teikningum eftir Helgu Harðardóttur.

*Afgreiðsla:*

*Ferða- safna- og menningarráð þakkar Hildi og Hrafni Harðarbörnum fyrir einstaka  
hugulsemi og stuðning við skólastarf og menningu í sameinuðu sveitarfélag sem fram  
kemur í erindi þeirra.*

*Ráðið vísar málinu til fræðaluráðs og skólastjóra grunnskóla í sameinuðu sveitarfélagi.*

3. fundur Ferða-, safna- og menningarráðs  
20.09.2018

Fundi slitið kl. 19:30.

---

---